LÍKAMSRÆKT VIÐ SUNDLAUG

(99) Stærðir		
Name	Area	Comments
kjallari (núverandi)	343,5 m²	Núverandi
1. hæð (núverandi)	481,2 m²	Núverandi
2. hæð (núverandi)	150,0 m²	Núverandi
Núverandi: 3	974,7 m²	
2. Hæð	295,2 m²	Nýbygging
1. Hæð	387,3 m²	Nýbygging
Útiklefar - kalt	78,6 m²	Nýbygging
Geymsla - kalt	33,1 m²	Nýbygging
Svalir	49,9 m²	Nýbygging
Nýbygging: 5	844,1 m²	



3 **2. hæð_af2-**
1 : 200

LÍKAMSRÆKT VIÐ SUNDLAUG.

Byggingin er alls rúmlega 680 m² og er á tveim hæðum.
1.hæð er um 390 m² og 2. hæð um 290 m²
þar að auki eru nýir útiklefar um 80 m2 og svalir af 2. hæð um 50 m².
Ný köld geymsla á lóð er rúmlega 30m².

Stærðir og stækkunarmöguleikar.
Þarfagreining sem gerð var í upphafi hönnunar hljóðaði upp á hús sem væri u.þ.b. 600m². Við greininguna voru notuð sem viðmið sú aðstaða sem er fyrir hendi í Sporthöllinni ásamt samtölum við notendur og forstöðumenn annara stöðva.

Salir í nýrri líkamsræktarstöð eru;
- þreksalur 151 m²
- styrktarsalur 76 m²
- salur 1 á efri hæð 106 m²
- salur 2 á efri hæð 69 m²
  salir 1 og 2 geta sameinast í einn 175 m² sal

Alls verða salir í nýrri líkamsræktarstöð því ríflega 400 m² á móti þeim 200m² sem eru til staðar í dag í Sporthöllinni. Auk salanna þá eru þrjú fjölnota herbergi á 2 hæð sem hvert um sig er um 20 m².

Um stækkunarmöguleika nýrrar líkamsræktar þá er húsið hannað þannig að möguleiki er fyrir hendi að stækka aðstöðuna og er þá horft til þess að sú aukning geti orðið til vesturs.

Markmið með byggingu líkamsræktar við sundlaugina er að stuðla að heilsueflingu íbúa og bæta íþróttaaðstöðu í sveitarfélaginu í samræmi við stefnumótun Sveitarfélagsins Hornafjarðar um heilsueflandi samfélag.

Samhliða hönnun byggingarinnar er unnið að umhverfisvottun samkvæmt BREEAM umhverfisvottunarkerfi. Markmið BREEAM vistvottunar er að hanna og byggja byggingar sem hafa minni umhverfisáhrif, eru heilsusamlegri fyrir notendur og þurfa minna viðhald en hefðbundnar byggingar. Vottunin styður við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og er í samræmi við stefnumótun sveitarfélagsins.



4 **3D-skissa 1-**



6 **3D-skissa 2-**



2 **1. hæð_af2-**
1 : 200



1 **Afstöðumynd 500-**
1 : 500